



Fréttatilkynning frá
skrifstofu forseta Íslands

FYRIRLESTUR VIÐ HARVARD HÁSKÓLA SAMNINGUR VIÐ MIT HÁSKÓLANN

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson var gestur Harvard háskóla í Boston í Bandaríkjunum í gær, þriðjudaginn 3. apríl, og flutti fyrirlestur í boði hins virta prófessors Michaels Porter sem heimspektur er fyrir rannsóknir sínar á samkeppnishæfni þjóða. Fyrirlesturinn sóttu stúdentar frá um fimmtíu þjóðlöndum og tók forsetinn þátt í um fjögurra klukkustunda samræðum um árangur Íslendinga á undanförunum árum og tækifæri lands og þjóðar í framtíðinni. Fyrirlestur forseta verður hluti af námsefni um Ísland sem Harvard Business School dreifir til um 100 háskóla um allan heim.

Í fyrirlestri sínum fjallaði forsetinn um íslenskt viðskiptalíf, þróun frá þeim tíma er Ísland var í hópi fátækustu ríkja veraldar til styrkrar stöðu í samtímanum. Hann vék sérstaklega að öflugri sókn íslenskra fyrirtækja á umliðnum árum á alþjóðlegum vettvangi og ræddi í því samhengi þá möguleika sem breytt heimsmynd og alþjóðavæðing á sviði viðskipta veitir litlum og meðalstórum ríkjum á komandi árum. Í kjölfarið sat forseti kvöldverð í boði Michaels Porter prófessors ásamt ýmsum forystumönnum úr bandarísku viðskiptalífi.

Í heimsókn sinni til Harvard háskóla ræddi forseti einnig við Charles Langmuir prófessor í eldfjallafræði, sem hefur m.a. stýrt rannsóknum á Íslandi. Á fundinum var m.a. fjallað um jarðhitasvæði á hafsbotninum við Ísland. Þá átti forseti fund með forystumönnum Harvard háskólans og var forseta boðið að koma á ný til Harvard til frekara fyrirlestrahalds.

Í dag, miðvikudaginn 4. apríl, heimsótti forseti Íslands *Massachusetts Institute of Technology* (MIT) sem hefur aðsetur í Boston. MIT er einn helsti vísinda- og tækniháskóli Bandaríkjanna. Forsetinn átti viðræður við forsvarsmenn háskólans og vísindamenn á sviði orku- og loftslagsmála, m.a. Ernest J. Moniz sem stýrir Orkusetri MIT og Ronald G. Prinn sérfræðing á sviði loftslagsmála. Þá átti forseti ítarlegan fund með Jefferson Tester prófessor en hann er aðalhöfundur nýrrar skýrslu um jarðhita í Bandaríkjunum og mögulega nýtingu hans sem vakið hefur mikla athygli.

Í för með forseta í heimsókn hans til MIT háskólans voru Svafa Grönfeldt rektor Háskólans í Reykjavík og Ágúst Valfells forstöðumaður Orkurannsóknaseturs HR. Þau kynntu nýjan samstarfssamning við MIT og tóku þátt í viðræðum um samstarf á sviði vistvænnar orku. Hinn nýi samningur veitir íslenskum fyrirtækjum tækifæri til að nýta sér sérþekkingu og sérfræðinga MIT á ýmsum sviðum en það er Háskólinn í Reykjavík sem sér um framkvæmd hans í umboði Viðskiptaráðs og Samtaka iðnaðarins.

Forseti heimsótti einnig höfuðstöðvar fyrirtækisins General Catalyst Partner í Boston og átti viðræður við David Fialkow forstjóra þess en fyrirtækið er annar stærsti hluthafinn í íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu CCP sem búið hefur til netleikinn Eve Online sem nýtur vaxandi vinsælda um allan heim og er orðinn að öflugri útflutningsvöru.

4. apríl 2007

Nánari upplýsingar um ferð forseta til Indlands veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946). Myndir má nálgast á heimasíðu embættisins.